



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDUR MEÐ SPÁNARKONUNGI ÍSLANDSDAGAR Í BARCELONA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í dag, þriðjudaginn 17. febrúar, fund með Filippusi VI Spánarkonungi og mun á morgun og á fimmtudag taka þátt í fjölþættri dagskrá Íslandsdaga sem haldnir verða í Barcelona.

Forsetahjónin hittu Filippus VI Spánarkonung síðdegis í Zarzuela höllinni í Madrid. Á fundinum með forseta var rætt um endurreisn efnahagslífsins á Íslandi og lærdómanna sem draga má af glímu þjóðarinnar við afleiðingar bankahrunsins. Þá var fjallað um erfiðleika í efnahagslífi Spánar og stöðuna á evrusvæðinu, aukið mikilvægi Norðurslóða, árangur Íslendinga við nýtingu hreinnar orku og baráttuna gegn loftslagsbreytingum. Þá ræddu forseti og konungur einnig um langvarandi vináttu Íslendinga og Spánverja, vinsældir saltfisksins á Spáni og aukið mikilvægi bókmennta og lista í samstarfi landanna. Fundinn sátu einnig utanríkisráðherra Spánar José García-Margallo y Marfil, sendiherra Íslands gagnvart Spáni, Berglind Ásgeirsdóttir, og sendiherra Spánar gagnvart Íslandi, Antonio López Martínez.

Forseti Íslands og Dorrit Moussaieff forsetafrú heimsækja á morgun La Sirena verslunardejuna í Barcelona sem skipar veigamikinn sess í sölu sjávarafurða. Þá flytur forseti fyrirlestur við IESE háskólann um lærdómanna af glímu Íslendinga við fjármálakreppuna og ræðir í hádeginu við blaðamenn og fulltrúa fjölmiðla.

Síðdegis á morgun heimsækja forsetahjónin sjávarútvegsfyrirtækin Iceland Seafood og Copesco Sefrisa og taka þátt í bókmenntakynningu þar sem m.a. rithöfundarnir Auður Ava Ólafsdóttir og Óttar Norðfjörð

lesa úr verkum sínum og þýðandinn Enrique Bernádez fjallar um íslenskar bókmenntir á Spáni.

Á dagskrá fimmtudagsins verður m.a. heimsókn á Santa Caterina fiskmarkaðinn og hádegisverður með fulltrúum íslenskra fyrirtækja sem taka þátt í Íslandsdögunum. Þá á forseti fund með Xavier Trias borgarstjóra og einnig fund með Miquel Valls formanni verslunarráðs borgarinnar. Forseti flytur svo ávarp á málþingi um menningu og viðskipti.

Dagskrá Íslandsdaganna í Barcelona hefur verið undirbúin af Íslandsstofu, sendiráði Íslands gagnvart Spáni og Sol Daurella, ræðismanni Íslands í Barcelona

17. febrúar 2015

Myndir frá Zarzuela höllinni í Madrid má nálgast á heimasíðu embættisins.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).